

## S A M Þ Y K K T

### um lokunartíma sölubúða og sölustaða í Hvolhreppi í Rangárvallasýslu.

#### 1. gr.

Sölubúðum og sölustöðum í Hvolhreppi skal lokað eftir því sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar.

#### 2. gr.

Alla virka daga ársins skal almennum sölubúðum lokað kl. 18.00 og þær eigi opnast aftur fyrr en kl. 8.00 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera þær undantekningar frá þessu er hér greinir:

Aðfangadag jóla og gamlársdag skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 13.00, nema þegar aðfangadagur og gamlársdagur eru mánudagar, þá má hafa opið til kl. 16.00.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag, skal heimilt að halda sölubúðum opnum til miðnættis. Svo er og heimilt að hafa opið til kl. 22.00 einn virkan dag á undan þessum degi skömmu fyrir jól.

Á tímabilinu frá 1. okt. til 30. apríl skal loka eigi síðar en kl. 13.00 á laugardögum, og á tímabilinu frá og með 1. maí til 30. september skal loka eigi síðar en kl. 12.00 á laugardögum.

Þó er heimilt að hafa sölubúðir opnar fyrsta laugardag í desember til kl. 16.00 og annan laugardag í desember til kl. 18.00. Allt árið er heimilt að hafa sölubúðir opnar til kl. 19.00 á föstudögum.

#### 3. gr.

Brauðsölubúðum og mjólkurbúðum má halda opnum eins og öðrum verzlunum, og auk þess almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta, 17. júní og fyrsta mánudag í ágústmánuði frá kl. 8.00 árdegis til kl. 12.00 á hádegi. Laugardaga á tímabilinu 15. maí til 15. september skal loka eigi síðar en kl. 16.00.

Ákvæði samþykktarinnar ná ekki til lyfjabúða né félagsheimilis Hvolhrepps, afgreiðslu og starfrækslu þess þann tíma, sem veitingahús og skemmtistaðir mega hafa opið.

#### 4. gr.

Olíuafgreiðslum og sælgætisbúðum má halda opnum til sölu blaða, tímarita, frímerkja, sælgætis, öls, gosdrykkja og tóbaksvara sem hér segir:

Frá kl. 9.00 að morgni til kl. 23.00 að kvöldi sumarmánuði, en til kl. 22.30 vetrarmánuði. Þó skal þessum búðum lokað alveg nýjársdag og jóladag, en aðfangadag og gamlársdag lokað eigi síðar en kl. 16.00. Þeim aðiljum, sem velja sér það verzlunarform, sem um getur í þessari grein, ber að greiða í sveitarsjóð Hvolhrepps árlega kr. 5000.00, og sé gjalddagi þessa gjalds 2. janúar ár hvert.

Sé hins vegar fleiri vörur en upp eru taldar í grein þessari svo sem: almennar matvörur, fatnaður, vefnaðarvörur og ýmiss konar önnur vara, seldar í þessum sælgætisbúðum, ber að greiða umfram í sveitarsjóð á sama gjalddaga kr. 10000.00.

#### 5. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða og sölustaða er óheimilt að selja á torgum og strætum eða annars staðar utan sölubúða, nema úr sjálfsölum, nokkurn varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi.

## 6. gr.

Menn, sem komnir eru inn í sölubúð eða sölustaði fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

## 7. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari, fyrir einstaka daga, og til þess að sala fari fram í góðgerðarskyni eða til ágóða fyrir stofnanir eða fyrirtæki, sem að dómi lögreglustjóra horfir til almenningsheilla.

## 8. gr.

Þeir farandsalar, sem vilja selja varning sinn í félagsheimili hreppsins eða annars staðar innan sveitarfélagsins, skulu fá til þess sérstakt leyfi hreppsnefndar í hvert sinn, og greiða gjald fyrir sem hreppsnefnd ákveður.

Heimilt er hreppsnefnd að neita alveg um leyfið.

## 9. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum 200.00—500.00 krónum og renna sektirnar í sveitarsjóð. Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal reka að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem gerð er af hreppsnefnd Hvolhrepps, samkv. lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld samþykkt um sama efni, dags. 24. maí 1962.

*Félagsmálaráðuneytið, 30. desember 1963.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*

## AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Reykjavíkur nr. 164 2. október 1962.

## 1. gr.

Í stað orðanna „kr. 4.77“ í 3. gr. komi: kr. 5.34.

## 2. gr.

9. gr. falli burt, og breytist greinatala skv. því.

## 3. gr.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi þegar í stað.

**Bráðabirgðaákvæði um framkvæmd gjaldskrárbreytingarinnar.**

Verðhækkun sú, sem fólgin er í hinni nýju gjaldskrá hitaveitunnar, skal framkvæmd samkvæmt eftirfarandi reglum:

1. Notkun samkvæmt álestri í næsta mánuði eftir gildistöku gjaldskrárinnar, skal greidd eftir eldri gjaldskrá með 4% álagi.